

Jón Bjarnason
Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra
Skúlagötu 4
150 Reykjavík

Akureyri 25. mars 2011

Efni: Löggjöf um BPA

Neytendasamtökin hafa hvatt bæði umhverfisráðherra og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra til að beita sér fyrir því að hið umdeilda efni Bisphenol-A (BPA) verði bannaði í pelum.

Í svari frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu dagsettu 30. júní 2010 til Neytendasamtakanna kom fram að beðið væri niðurstöðu frá EFSA. Ef framkvæmdarstjórn Evrópusambandsins tæki ákvörðun um að banna efnið myndi ráðuneytið bregðast við í samræmi við löggjöf EES samningsins.

Evrópusambandið hefur nú ákveðið að banna sölu á pelum sem innihalda BPA og tekur bannið gildi 1. júní næstkomandi. Það er því ljóst að þessi lög verða á einhverjum tímapunkti innleidd á Íslandi í gegnum EES samninginn. Það ferli tekur þó oft allt of langan tíma.

Neytendasamtökin hvetja stjórnvöld til að setja lög hið fyrsta hér á landi sem banna notkun efnisins í pelum og í öðrum matarilátum sem ætluð eru börnum. Slík lög hafa þegar verið sett í Danmörku og gætu íslensk lög því tekið mið af þeim. Um er að ræða mikilvæga löggjöf sem verndar yngstu neytendurna og því er sjálfsagt að stjórnvöld bregðist skjótt við en bíði ekki eftir því að reglurnar verði innleiddar á grundvelli EES samningsins.

Neytendasamtökin óska eftir svari við því hver áform stjórnvalda eru í þessu máli.

Virðingarfyllst f. h. Neytendasamtakanna

Brynhildur Pétursdóttir

Afrit sent umhverfisráðherra